

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Votlendissjóðinn.

1. gr.
Heiti.

Sjálfseignarstofnunin heitir Votlendissjóðurinn og starfar skv. lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.
Heimili.

Heimili og varnarþing Votlendissjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.
Markmið.

Markmið sjóðsins er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda úr náttúru Íslands með endurheimt votlendis.

Sjóðurinn vinnur að þessu markmiði með því að gefa einstaklingum, fyrirtækjum, félaga-samtökum og stofnunum tækifæri til að sýna samfélagslega ábyrgð með greiðslu fjárfamlaga til sjóðsins, sem einkum verða nýtt til að fjármagna framkvæmdir við endurheimt votlendis.

4. gr.
Stofnendur.

Stofnendur sjóðsins og stofnfjárfamlög þeirra eru eftirfarandi:

<i>Stofnendur</i>	<i>Stofnfjárfamlag</i>
Samskip hf., kt. 440986-1539, Kjalarvogi 7-15, 104 Reykjavík	2.000.000 kr.
Skeljungur hf., kt. 590269-1749, Borgartúni 26, 105 Reykjavík	1.000.000 kr.
Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi	1.000.000 kr.
Efla hf., kt. 621079-0189, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík	500.000 kr.
Auðlind – minningarsjóður Guðmundar Páls Ólafssonar, kt. 580408-0440, Kistumel 11, 116 Reykjavík	500.000 kr.
Landgræðsla ríkisins, kt. 710169-3659, Gunnarsholti, 851 Hellu	500.000 kr.
Þekkingarmiðlun ehf., kt. 440102-2550, Sjávargötu 29, 225 Garðabæ	500.000 kr.
Reitir, fasteignafélag hf., kt. 711208-0700, Kringlunni 4-12, 103	
Reykjavík	500.000 kr.
Elding, hvalaskoðun Reykjavík ehf., kt. 440500-4040, Ægisgarði 7, 101	
Reykjavík	500.000 kr.

5. gr.
Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins er 7.000.000 kr. sem lagt hefur verið fram af stofnendum sjóðsins skv. 4. gr. þessarar skipulagsskrár, á stofnfundi sjóðsins þann 6. apríl 2018.

Lágmarksfjárhæð höfuðstóls sjóðsins er 1.160.000 kr. og skal sú fjárhæð stofnfjárins ávallt standa óskert.

Engin sérréttindi í sjóðnum tilheyra stofnendum hans.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hann kann að eignast síðar.

6. gr.

Tekjur.

Tekjur sjóðsins eru fjármagnstekjur, framlög, gjafafé og annað fé sem sjóðnum kann að áskotnast. Sjóðurinn veitir viðtöku hvers konar gjöfum og framlögum frá einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og félögum. Nöfn þeirra sem styrkja sjóðinn skulu færð í sérstaka skrá.

Stefnt skal að því að saman fari eins og kostur er fengin fjárfamlög og veittir styrkir til að endurheimta votlendi.

Stjórn sjóðsins getur ákveðið að bjóða aðilum að gerast hollvinir Votlendissjóðsins, enda greiði viðkomandi sérstakt framlag til sjóðsins sem stjórn telur eðlilegt. Framlög hollvina Votlendissjóðsins skulu einkum nýtt til reksturs sjóðsins og kynningar á starfsemi hans.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á vörlu eigna hans en henni er heimilt að semja við viðurkennda fjármálastofnun um fjárvörslu og ávöxtun sjóðsins.

7. gr.

Útgjöld.

Við úthlutanir úr sjóðnum skal gæta þeirra markmiða sem fram koma í 3. gr. skipulagsskrár þessarar.

Fé sjóðsins skal varið í þágu markmiða hans, einkum með greiðslum fyrir framkvæmdir við endurheimt votlendis. Haga ber úthlutunum þannig að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda úr framræstu landi. Stjórn sjóðsins skal setja nánari reglur um styrkveitingar, m.a. um skilyrði úthlutunar og auglýsingar.

Einnig er heimilt að nýta fjármuni sjóðsins til að eiga samvinnu á alþjóðlegum vettvangi enda sé hún í samræmi við tilgang sjóðsins.

Þá er stjórn sjóðsins heimilt að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til áframhaldandi reksturs sjóðsins, markaðssetningar og kynningar.

8. gr.

Stjórn.

Stjórn Votlendissjóðsins skal skipuð sjö mönnum; fjórum til þriggja ára í senn og þremur til tveggja ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir þrír menn í varastjórn til þriggja ára. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn Votlendissjóðsins ásamt varamönnum á stofnfundi sjóðsins, en eftirleiðis mun stjórnin kjósa aðalmenn og varamenn í stjórn. Skal það gert við lok kjörtímabils stjórnarmanna á ársfundi Votlendissjóðsins.

Æðsta vald í málefnum sjóðsins er í höndum stjórnar hans. Þannig stýrir hún öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hans hönd. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hans sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórn sjóðsins getur veitt prókúrumboð fyrir sjóðinn. Allar staerri fjárskuldbindingar sjóðsins skal þó ávallt bera undir stjórn enda ber hún ábyrgð á rekstri sjóðsins.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, en kosnir skulu a.m.k. formaður, varaformaður og ritari. Hún heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda og stýrir fundi. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri.

Varamenn eiga rétt til setu á stjórnarfundum og hafa þar tillögurétt. Við forföll skal atkvæðisréttur varamanna falla á þann/þá sem efstur/efstir er/u á varamannalistu samkvæmt ákvörðun stofnfundar og síðar stjórnar.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Við ákvárdanir stjórnar ræður einfaldur meirihluti stjórnarmanna. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum. Reglur stjórnsluréttar um sérstakt hæfi skulu gilda um stjórnarmenn við afgreiðslu mála. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Stjórnarmenn skulu ekki hljóta þóknun fyrir stjórnarstörf sín en greiða má þeim útagðan kostnað vegna starfa þeirra samkvæmt reikningi.

Stjórn Votlendissjóðsins er heimilt að velja sér fulltrúaráð og skipa í faghópa sem eru stjórninni til ráðgjafar og stuðnings um hvaðeina sem stjórnin óskar eftir.

9. gr.

Framkvæmdastjóri.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri sjóðsins og kemur fram fyrir hönd hans í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Framkvæmdastjóri leggur tillögur um verkefni fyrir stjórn og hefur umsjón með þeim verkefnum sem stjórnin hefur ákveðið. Hann skal og hafa frumkvæði að nýjum verkefnum og gera nauðsynlega samninga í nafni stjórnar.

Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum og hefur þar tillögurétt án atkvæðisréttar. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur sjóðsins sem þeir kunna að óska eftir.

Stjórn sjóðsins er ennfremur heimilt að ráða verktaka til að vinna að einstökum verkefnum í samræmi við markmið sjóðsins.

10. gr.

Ársfundur.

Ársfund Votlendissjóðsins skal halda fyrir 15. júní ár hvort. Stjórn sjóðsins skal boða til ársfundar með a.m.k. viku fyrirvara. Rétt til setu á ársfundi hafa stjórn, varastjórn, stofnendur sjóðsins (eða fulltrúar þeirra skv. umboði), fulltrúaráð, hollvinir Votlendissjóðsins, verndari sjóðsins hverju sinni svo og aðrir þeir sem stjórnin telur eiga erindi á fundinn. Aðeins stjórn sjóðsins hefur atkvæðisrétt á ársfundum.

Á dagskrá ársfundar skal vera:

Kjör fundarstjóra og annarra embættismanna fundarins.
Skyrsla stjórnar og umræður þar um.

Endurskoðaðir reikningar síðastliðins árs lagðir fram.
Endurnýjun einstakra stjórnarmanna skv. tillögu stjórnar.
Önnur mál.

11. gr.

Verndari.

Stjórn sjóðsins getur valið sérstakan verndara sjóðsins sem hefur rétt til setu á stjórnarfundum með tillögurétt. Fyrsti verndari sjóðsins er Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands.

12. gr.

Reikningsár.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins og til 31. desember 2018.

13. gr.

Ársreikningur og endurskoðun.

Stjórn sjóðsins skal semja ársreikning fyrir 1. júní ár hvort. Hún skal velja löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til að endurskoða reikninga sjóðsins fyrir hvert starfsár. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal eigi síðar en 30. júní ár hvert senda Ríkisendurskoðun endurskoðaðan reikning sjóðsins fyrir næstliðið ár, ásamt skyrslu um hvernig fé sjóðsins var ráðstafað á því ári.

Pá skal stjórn sjóðsins tryggja að rekið sé sérstakt bókhald um umfang endurheimtar votlendis og þá minnkun sem orðið hefur á losun gróðurhúsalofttegunda vegna verkefna sem fjármögnuð hafa verið af Votlendissjóðnum.

Endurskoðandi sjóðsins skal árlega afla vottaðra upplýsinga um umfang endurheimtar votlendis, minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda og móttokin framlög.

Nr. 490

3. maí 2018

14. gr.

Breyting skipulagsskrár, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hann niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra.

Komi til þess að sjóðurinn verði lagður niður skal hrein eign hans renna til Landgræðslu ríkisins eða til félagasamtaka og/eða stofnana er vinna að markmiðum sambærilegum þeim sem sjóðurinn hefur og tilgreind eru í 3. gr. þessarar skipulagsskrár eftir nánari ákvörðun stjórnar.

15. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 3. maí 2018,

Björn Ingi Óskarsson.

Auður Steingrimsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 18. maí 2018